

Greiðslujöfnuður við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2004 og erlend staða þjódarbúsins í lok 2004

Á fjórða ársfjórðungi 2004 varð 29,6 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili árið áður var hallinn 18,2 milljarðar króna. Viðskiptahallinn var samtals 69,9 milljarðar króna á árinu 2004 samanborið við 42,4 milljarða króna árið áður. Útflutningur vöru og þjónustu var **11,9%** (leiðr.) meiri á árinu 2004 en árið áður og innflutningur jókst um **19,7%** (leiðr.) reiknað á föstu gengi¹. Vöruskiptajöfnuður versnaði milli ára um **21** (leiðr.) milljarða króna og þjónustujöfnuður um **5,8** (leiðr.) milljarða króna. Hallinn á þáttatekjum (laun, vextir og arður af fjárfestingu) var 17,7 milljarðar króna 2004 samanborið við 16,5 milljarða króna halla árið áður. Hrein rekstrarframlög til útlönda sem að stærstum hluta eru framlög hins opinbera til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar voru áætluð 1,2 milljarðar króna 2004.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<u>Okt. - des.</u>		<u>Janúar- desember</u>	
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Viðskiptajöfnuður	-18,2	-29,6	-42,4	-69,9
Útflutningur vöru og þjónustu	69,4	79,0	288,3	316,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-80,3	-98,5	-313,0	-367,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-7,3	-10,1	-17,7	-18,9
Fjármagnsjöfnuður	3,2	70,1	20,3	147,7
Hreyfingar án forða	17,0	70,8	44,1	162,2
Erlendar eignir, nettó	-127,9	-188,5	-227,7	-490,5
Erlendar skuldir, nettó	144,8	259,1	271,7	652,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-13,6	-0,6	-23,4	-14,2
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	15,1	-40,5	22,1	-77,8

Fjármagnshreyfingar hafa aldrei verið eins miklar og á árinu 2004. Hreint fjárinnstreymi mældist nær 148 milljarðar króna sem skýrist að stærstum hluta af erlendum lántökum innlendra banka, einkum skuldabréfaútgáfu erlendis. Fjárústreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum nam 75,7 milljörðum króna og bein fjárfesting erlendis var 177,3 milljarðar króna á árinu 2004. Þá var mikið fjár-

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var **2%** (leiðr.) lægri á árinu 2004 en árið áður.

úttreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, einkum útlána innlendra banka til erlendra lánþega. Gjaldeyrisforðinn jókst vegna gjaldeyriskaupa Seðlabankans um 14,2 milljarða króna á árinu 2004 en vegna gengishækkunar krónunnar hækkaði forðinn aðeins um 7,5 milljarða króna og nam 65,6 milljörðum króna í árslok 2004.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins námu 694 milljörðum króna umfram erlendar eignir í árslok 2004. Erlendar eignir námu 1.117 milljörðum króna og höfðu hækkað um 410 milljarða króna á árinu 2004. Þessari eignamyndun og viðskiptahallanum var mætt með aukinni skuldsetningu þjóðarinnar og námu erlendar skuldir 1.811 milljörðum króna í árslok 2004. Hrein skuldastaða við útlönd er að líkindum oftalin því skekkjuliður greiðslujafnaðar var stór og neikvæður á árinu 2004. Með öðrum orðum hefur ekki enn tekist að skýra ráðstöfun alls fjárinnstreymis til landsins.

Meðfylgjandi töflur sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á árinu 2004 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára. Endurskoðun þjónustujafnaðar og þáttatekna leiddi til lakari viðskiptajafnaðar við útlönd á árunum 2000 til 2003 en áður var talið. Nýjar upplýsingar frá Verðbréfaskráningu Íslands hf. sýna meiri hlutfjáreign erlendra aðila í innlendum fyrirtækjum en áður var áætlað og hækkuðu erlendar skuldir samsvarandi. Niðurstaða úr samræmdri könnun á erlendri verðbréfaeign þjóðarinnar í árslok 2003 reyndist hærri en áður var ætlað sem stafar líklega af meiri verðhækkun erlendra hlutabréfa en forsendur áætlunarinnar gáfu tilefni til.

Viðskiptajöfnuður við útlönd í milljörðum króna:

	2000	2001	2002	2003
Endurskoðaðar tölur	-69,3	-33,7	8,7	-42,4
Fyrri tölur	-67,1	-30,1	11,1	-40,7
Mimunur	-2,2	-3,6	-2,4	-1,7

Mánudaginn 7. mars nk. birtast endurskoðaðar töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (www.sedlabanki.is). Einnig verður birt yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar verður einnig að finna yfirlit um erlenda stöðu Seðlabankans og innlánsstofnana, auk ítarlegri upplýsinga um ferðalög milli landa, verðbréfavíðskipti og beina erlenda fjárfestingu.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfraðisviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Okt. - des.		Janúar - desember		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2003	2004	2003	2004	
Viðskiptajöfnuður	-18.238	-29.594	-42.391	-69.892	- leiðrétt:
Útflutningur vöru og þjónustu	69.446	79.047	288.314	316.139	11,9%
Innflutningur vöru og þjónustu	-80.307	-98.529	-313.037	-367.113	19,7%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-7.377	-10.112	-17.668	-18.918	
Vöruskiptajöfnuður	-5.296	-10.879	-15.900	-36.547	
Útfluttar vörur, f.o.b.	45.427	53.416	182.580	202.373	13,1%
Innfluttar vörur, f.o.b.	-50.723	-64.295	-198.480	-238.920	22,8%
Þjónustujöfnuður	-5.565	-8.603	-8.823	-14.427	
Útflutt þjónusta, alls	24.019	25.631	105.734	113.766	9,8%
Samgöngur	11.797	15.490	50.195	63.232	28,5%
Ferðalög	4.775	4.575	24.531	26.079	8,5%
Önnur þjónusta	7.447	5.566	31.008	24.455	-19,5%
Innflutt þjónusta	-29.584	-34.234	-114.557	-128.193	14,2%
Samgöngur	-9.950	-13.012	-39.685	-48.799	25,5%
Ferðalög	-10.582	-13.286	-39.818	-48.501	24,3%
Önnur þjónusta	-9.052	-7.936	-35.054	-30.893	-10,1%
Þáttatekjur, nettó	-6.737	-9.814	-16.502	-17.717	
Tekjur	9.357	10.108	28.909	39.929	40,9%
Laun	1.580	1.425	6.236	5.624	-8,0%
Vextir og ávöxtun hlutfjár ²	7.777	8.683	22.673	34.305	54,4%
Gjöld	-16.094	-19.922	-45.411	-57.646	29,5%
Laun	-105	-249	-465	-817	79,3%
Vextir og ávöxtun hlutfjár ²	-15.989	-19.673	-44.946	-56.829	29,0%
Rekstrarframlög	-640	-298	-1.166	-1.201	
Fjármagnsjöfnuður	3.161	70.090	20.266	147.736	
Fjárframlög, nettó	-192	-42	-402	-234	
Fjármagnshreyfingar ³	3.353	70.132	20.668	147.970	
Hreyfingar án forða	16.957	70.759	44.069	162.200	
Bein fjárfesting, nettó	9.653	-27.756	-741	-146.712	
Innlendir aðilar erlendis	-14.891	-42.001	-26.889	-177.273	
Erlendir aðilar á Íslandi	24.544	14.245	26.148	30.561	
Verðbréfavíðskipti, nettó	77.618	191.577	228.000	506.303	
Erlend verðbréf	-17.893	-26.770	-45.320	-75.684	
Hlutfé	-17.093	-25.263	-40.579	-71.247	
Skuldaskjöl	-800	-1.507	-4.741	-4.437	
Innlend verðbréf	95.511	218.347	273.320	581.987	
Hlutfé	1.241	5.502	-5.598	20.200	
Skuldaskjöl	94.270	212.845	278.918	561.787	
Annað fjármagn, nettó	-70.314	-93.062	-183.190	-197.391	
Eignir	-95.122	-119.675	-155.536	-237.459	
Skuldir	24.808	26.613	-27.654	40.068	
Gjaldeyrisforði	-13.604	-627	-23.401	-14.230	
Skekkiur og vantalið	15.077	-40.496	22.125	-77.844	
<i>Gengisvísitala (1994 = 100)</i>	<i>106,7</i>	<i>101,1</i>	<i>105,3(tr.)</i>	<i>103,2</i>	<i>-2,0%(tr.)</i>

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutfé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárféttreymi vegna eignaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>	<i>Sept. * 2004</i>	<i>Desember* 2004</i>
I. Erlendar eignir, alls	421,5	395,6	707,0	984,0	1.116,8
1 Bein fjárfesting erlendis	86,8	87,5	121,3	223,1	237,8
11 Eigið fjármagn	66,8	67,6	109,9	195,8	210,4
12 Lán til tengdra félaga	19,9	19,9	11,5	27,2	27,4
2 Erlend markaðsverðbréf	202,9	159,7	262,3	311,8	345,5
21 Hlutfé	188,4	149,3	239,2	285,7	317,6
22 Skuldaskjöl	14,6	10,4	23,1	26,2	27,9
221 Skuldabréf	11,8	9,6	22,7	25,9	27,7
222 Peningabréf	2,8	0,8	0,4	0,2	0,1
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	95,2	111,2	265,2	378,0	468,0
5 Gjalddeyrisforði	36,6	37,2	58,1	71,1	65,6
II. Erlendar skuldir, alls	1.012,3	989,2	1.260,4	1.664,5	1.810,8
1 Bein fjárfesting á Íslandi	70,8	64,3	86,0	99,9	112,1
11 Eigið fjármagn	63,4	56,1	61,8	75,6	88,1
12 Lán frá tengdum félögum	7,4	8,2	24,3	24,3	24,1
2 Innlend markaðsverðbréf	471,3	490,3	776,2	1.159,2	1.300,8
21 Hlutfé	12,1	35,9	42,6	91,9	86,5
22 Skuldaskjöl	459,2	454,4	733,6	1.067,3	1.214,3
221 Skuldabréf	380,2	389,7	611,1	919,5	1.060,5
222 Peningabréf	79,0	64,7	122,5	147,8	153,8
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	470,2	434,6	398,3	405,4	397,8
41 Löng lán	377,0	296,2	252,0	246,8	207,3
42 Skammtímaskuldir	93,2	138,4	146,3	158,6	190,5
III. Hrein staða við útlönd	-590,8	-593,6	-553,4	-680,5	-694,0
1. Áhættufjármagn, nettó	192,2	136,6	231,9	317,0	356,8
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-783,0	-730,2	-785,3	-997,5	-1.050,8
21 Seðlabankinn	21,7	20,8	58,1	70,7	65,5
22 Hið opinbera	-239,8	-227,2	-213,7	-215,2	-206,3
23 Innlánsstofnanir	-373,7	-361,8	-471,1	-709,0	-772,8
24 Aðrir geirar	-191,2	-162,0	-158,6	-143,9	-137,1
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	<i>102,95</i>	<i>80,58</i>	<i>70,99</i>	<i>70,85</i>	<i>61,04</i>
IV. Skuldahlutföll, % af VLF:¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-76,2	-82,1	-69,6	-77,4	-86,6
12 Hrein skuldastaða ²	101,0	101,0	98,8	113,4	131,1
13 Erlend skuldastaða ³	119,8	123,0	142,4	167,4	201,1
131 þ.a. langtímaskuldir	97,6	94,9	108,6	132,6	158,1

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að fráðregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.